

Fjármálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármálaráðuneyti
Dagsetning: 28.11.2011
Málsnúmer: FJR11080040
Bréfalykill: 001-1

Efni: Fjársýsluskattur

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 23. nóvember 2011 gafst fulltrúum fjármálaráðuneytis kostur á að bregðast við þeim athugasemdum sem fram koma í umsögnum um frumvarp til laga um fjársýsluskatt. Í þeirri yfirferð var sérstaklega fjallað um umsagnir þar sem gerðar voru athugasemdir við lagatæknileg atriði. Í framhaldi af umfjöllun ráðuneytisins óskaði einn nefndarmanna eftir minnisblaði frá ráðuneytinu þar sem viðbrögð ráðuneytisins væru rakin.

Samkvæmt vef Alþingis bárust alls 20 umsagnir um frumvarpið. Það er einkum í átta umsögnum sem fram koma athugasemdir við lagatæknileg atriði og verður stuttlega fjallað um hverja og eina þeirra í þessu minnisblaði.

1. Allianz Ísland hf.

Í umsögn er m.a. gagnrýnt að umboðsmenn erlendra aðila skuli vera skattskyldir skv. frumvarpinu.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Á grundvelli samkeppnissjónarmiða og jafnræðis var það lagt til í frumvarpinu að öll starfsemi af sama toga á Íslandi bæri þennan skatt, óháð því hvort um er að ræða íslensk fyrirtæki eða útibú erlendra fyrirtækja.

2. Félag löggiltra endurskoðenda (FLE).

Í fyrsta lagi telur FLE að ekki komi nægilega skýrt fram í frumvarpinu hvort skattskyldan eigi að ná til starfsemi sem er undanþegin er virðisaukaskatti (hér er átt við aðra starfsemi en fjármálastarfsemi og váttryggingarstarfsemi). Starfsemi sem felst í fasteignaleigu er nefnd sem dæmi.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Telja verður að það megi ráða af 2. gr. frumvarpsins að skattskyldan nái ekki til annarrar starfsemi en þar er talin upp. Til frekari skýrleika mætti þó bæta við upptalninguna á undanþágum í 5. gr. frumvarpsins ákvæði sem með beinum hætti undanþiggur starfsemi sem fellur undir aðra tölulíði 3. mgr. 2. gr. vsk.laga en 9. og 10. tölulíð.

Í öðru lagi telur FLE að ekki sé nægilega skýrt að reiknað endurgjald falli undir 3. másl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Í 3. másl. 1. mgr. 4. gr. er með skýrum hætti tekið fram að til skattstofns teljist reiknað endurgjald hjá þeim aðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald. Þá vísar 3. mgr. 10. gr. til sama ákvæðis. Jafnræðissjónarmið búa að baki því að það sama gildi um þá sem skylt er að reikna sér endurgjald og aðra aðila í sambærilegri starfsemi. Að mati ráðuneytisins á enginn vafi að leika á því að tilgangur frumvarpsins er að fella einnig reiknað endurgjald undir ákvæði 4. gr. um skattstofn.

Í þriðja lagi leggur FLE til nýtt orðalag á undanþáguákvæði 3. tölul. 5. gr. frumvarpsins.

Engin efnisbreyting felst í tillögunni.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Orðalagið skv. tillögu FLE er að vissu leyti styttra og skýrara en orðalagið í frumvarpstextanum en tillagan hefur þó þann ókost að hún er í ósamræmi við annað orðalag ákvæðisins.

3. Samtök fjármálafyrirtækja

Í umsögn er m.a. gagnrýnt að skv. 15. gr. frumvarpsins telst fjársýsluskattur ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Skattar sem lagðir eru á tekjur og eignir eru almennt ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður. Um þetta gilda þó engar skýrar reglur. Á Íslandi hafa gjöld sem eru markaðir tekjustofnar yfirleitt verið frádráttarbærir frá tekjum s.s. eins og tryggingargjald, búnaðargjald og iðnaðarmálagjald. Að undanfögnu hefur verið við það miðað að beinir skattar á ákveðnar atvinnugreinar, s.s. eins og sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki og skattur á kolvetnisvinnslu, séu ekki frádráttarbærir.

Í skýringum við 15. gr. frumvarpsins segir ranglega að launaskattur sé ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður í Danmörku.

4. Slitastjórn og skilanevnd Glitnis hf.

Í umsögn kemur fram að ekki sé fyllilega ljóst að hve miklu leyti fjársýsluskattur muni koma við rekstur Glitnis.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Í b lið 2. mgr. 2. gr. laga nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki er sérstaklega tekið fram að aðilar sem sæta slitameðferð sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, séu undanþegninir skattskyldu. Í frumvarpi til laga um fjársýsluskatt er slíkt ákvæði ekki að finna. Í tilviki fjársýsluskatts var talið að út frá jafnræðissjónarmiðum væri heppilegra að meta í hverju tilviki í hverju starfsemi viðkomandi aðila fælist fremur en að undanþiggja ákveðna aðila skattskyldu líkt og gert er í lögum nr. 155/2010.

5. Samtök verslunar og þjónustu.

Í umsögn er því m.a. mótmælt að skattskyldan taki til váttryggingarmiðlara.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Út frá jafnræðissjónarmiðum er ekki tækt að undanþiggja váttryggingarmiðlara skattskyldu. Til fróðleiks má þó benda á að skv. dönsku lögnum um launaskatt þá nær skattskyldan ekki til þeirra aðila sem eru með skattstofn undir 80.000 DKK á ári.

6. Deloitte

Í umsögn kemur fram að ekki sé rétt að skatthlutfall danska launaskattsins sé 10,5%

Afstaða fjármálaráðuneytis: Skatthlutfallið í Danmörku var hækkað í 10,5% með lögum nr. 1361 frá 8. desember 2010. Breytingin tók gildi 1. janúar 2011.

Þá er einnig í umsögn gerð athugasemd við það að í frumvarpinu séu lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er í beinum tengslum við þá tillögu að taka upp fjársýsluskatt. Alvanalegt er að í frumvörpum til nýrra heildarlaga séu lagðar til þær breytingar á öðrum lögum sem málið snerta. Þá má einnig geta þess að hvorki skrifstofa löggjafarmála í forsætisráðuneytinu né skjaladeild Alþingis gerðu athugasemdir við þetta fyrirkomulag.

7. Ríkisskattstjóri og Viðskiptaráð

Í umsögnum kemur m.a. fram að stuttur fyrirvari gefist til að undirbúnings þar sem lögini eigi

að taka gildi 1. janúar 2012.

Afstaða fjármálaráðuneytis: Í frumvarpinu er lagt til að lögín öðlist gildi 1. janúar 2012. Fyrsti gjalddagi fjársýsluskatts verður samkvæmt því 1. febrúar 2012. Tími til undirbúnings verður vissulega knappur ef reiknað er með að frumvarpið verði að lögum um miðjan desember. Á móti kemur hins vegar að útreikningur skattsins er fremur einfaldur. Til að koma til móts við þessa athugasemd mætti fresta fyrsta gjalddaga fjársýsluskatts nokkuð t.d. til 1. apríl 2012. Á þeim gjalddaga yrðu þá gerð skil á fjársýsluskatti vegna janúar, febrúar og mars sá.